



REGLUGERÐ UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

1. grein

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skulu, er tilefni er til, veita einstaklingum, félögum, félagasamtökum og bæjar- og sveitarfélögum, viðurkenningar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. grein

Heiðursviðurkenningar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands skiptast í eftirfarandi flokka:

1. *Heiðurskross ÍSÍ.*
2. *Gullmerki ÍSÍ.*
3. *Silfurmerki ÍSÍ.*
4. *Heiðurskjal ÍSÍ*
5. *Veggskjöldur ÍSÍ.*

3. grein

Heiðurskross ÍSÍ er jafnarma kross með upphleyptu merki sambandsins í miðju, borinn í borða í íslenskum fánalitum, veitist íslenskum ríkisborgara fyrir langvarandi og góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar í heild, einstakra íþróttahéraða, íþróttageina eða félaga, svo að viðurkenninga sé vert á alþjóðamælikvarða. Einnig má veita erlendum mönnum heiðurskross ÍSÍ.

4. grein

Gullmerki ÍSÍ er kringlótt og sýnir gjósandi eldfjall hvílandi á Ólympíuhringjunum. Þrjár eldtungur eru tákni innri krafts, hreysti og hins ólympíska elds. Fjallið er stílfært úr fimm röndum. Gullmerki ÍSÍ má veita þeim einstaklingum, sem innt hafa af höndum skipulags-, stjórnar- eða þjónustustörf fyrir íþróttasamtökin um lengri tíma.

5. grein

Silfurmerki ÍSÍ er silfurslegið merki, samskonar að lögun og Gullmerki ÍSÍ, má afhenda einstaklingum sem unnið hafa gott og giftudrjúgt starf í þágu einstakra íþróttafélaga, héraðssambanda/íþróttabandalaga og/eða íþróttahreyfingarinnar í heild.

6. grein

Heiðurskjal ÍSÍ má veita þeim bæjar- og sveitastjórnnum, sem skara fram úr með byggingu íþróttamannvirkja og/eða stuðningi við íþróttastarfið.

7. grein

Veggskjöldur ÍSÍ má veita félögum, héraðssamböndum og sérsamböndum og öðrum aðilum við sérstök tækifæri þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákveður hverju sinni viðurkenningar samkvæmt þessari grein.



8. grein

Tillögurétt um veitingu heiðursmerkja hafa einstakir framkvæmdastjórnarmenn, stjórnir sérsambanda, héraðssambanda/íþróttabandalaga og íþróttá- og ungmennafélaga. Tillögum skal fylgja nákvæm skilgreining á störfum viðkomandi og starfsferill allur innan íþróttahreyfingarinnar.

9. grein

Forseti ÍSÍ skal að jafnaði afhenda ofangreindar heiðursviðurkenningar, en í fjarveru hans varaforseti eða framkvæmdastjóri eða aðrir þeir sem framkvæmdastjórn ákveður.

10. grein

Skrifstofa ÍSÍ skal skrá allar heiðursviðurkenningar ÍSÍ.

11. grein

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 14. maí 1955, 27. apríl 1957, 7. desember 1963 og 15. mars 1996.

12. grein

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 11. september 2003.